

við mig, að sjer verði endurgoldinn úr landssjóði tekjuhalli sá, sem hann kveðst biða 41
fardagaárin 1887—88 og 1888—89, við það, að afgangurinn af jörðum þeim, sem út hafa 23. febr.
verið lögð Fjarðarprestakalli, nái eftir verðlagsskránum eigi 500 kr. upphæð, og telur
hann tekjuhalla pennan fyrir bæði fardagaárin að viðbættum umboðskostnaði alls
kr. 253,97.

Út af þessu skal yður, herra amtmaður og háaruverðugi herra, hjer með til-
kynnt til þóknanlegrar birtingar fyrir prestinum að Firði í Mjóafirði, sjera Þorsteini
Halldórssyni að umgetin ráðstöfun, að leggja Fjarðarprestakalli jarðir út upp í 500 kr.
af tillaginu úr landssjóði, sje framkvæmd að boði ráðgjafans í ofan nefndu brjefi að fengnum
úrskurði konungs, sbr. ráðgjafabrjef 18. apríl 1887, enda sje slík ráðstöfun samkvæm til-
ætlun alþingis og 3. gr. prestakallalaganna 27. febrúar 1880; það liggi líka í augum
uppi, að eins og presturinn geti beðið einhvern halla við það, að verðlagsskrár sjeu
lágar og hin umræddu jarðarafgjöld þannig eigi nái 500 kr., eins geti líka hæglega farið
svo, að verðlagsskrár verði svo háar, að jarðarafgjöldin fari fram úr 500 kr., og verður
það þá ágóði prestsins. Af þessum ástæðum sjái eg enga ástæðu til að prestinum verði
greiddur þessi tekjuhalli, en hann geti auðvitað, vilji hann eigi hlíta þessum úrslitum,
snúið sjer beina leið til ráðgjafans.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 42
tilkall Staðarkirkju í Steingrímsfirði til hvalreka á Þjóðjörðinni Reykjanesi. — 28. febr.
Síðastliðinn vetur rak hval á Þjóðjörðinni Reykjanesi í Árneshreppi, sem heyrir undir
Strandasýslu-jarðir. Presturinn að Stað í Steingrímsfirði gjörði fyrir hönd Staðarkirkju,
tilkall til helmings af hvalnum, en umboðsmanni þótti eigi tilkall hans á fullum rök-
um byggt og tók andvirði alls hvalsins í umboðssjóð. Með því nú að ofan nefndur pres-
ur hefur með skilríkjum sannað rjett Staðarkirkju til hálfis reka á jörðinni Reykjanesi,
skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir umboðsmann
Strandasýslujarða, að greiða prestinum að Stað í Steingrímsfirði úr umboðssjóði andvirði
helmingsins af umræddum hval að frádregnum öllum kostnaði.

Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um endurgjald á 10 kr. 43
er glatast höfðu úr peningapóstsendingu. — Eftir að hafa fengið þóknanlegt brjef 28. febr.
yðar, herra póstmeistari, dags. 20. p. m. þar sem þjer skýrið frá, að af peninga-
sendingu frá Skúla sýslumanni og bæjarfógeta Thoroddsen að upphæð kr. 34,65, sem
hann sjálfur hafði farið með á póstafgreiðsluna á Ísafirði og látið póstafgreiðslumanninn
telja og fengið kvittun hans fyrir, hafi vantað 10 kr. þegar viðtakandi tók við peninga-
sendingunni á brjefhirðingastaðnum Breiðabólstað á Skógarströnd og opnaði hana í viður-
vist brjefhirðingarmannsins þar — skal jeg þjónustusamlega skora á yður að greiða of-
angreindum sendanda umgetnar 10 kr. úr póstsjóði og sömuleiðis hlutast til um, að
póstafgreiðslumaðurinn á Ísafirði endurgjaldi póstsjóði þessar 10 kr., þar sem hann
hefur gefið út póstkvittun fyrir að kr. 34,65 hafi verið rjett skilað á póstafgreiðsluna,
svo að hinar vantandi 10 kr. hljóta að hafa runnið inn til hans eða tapast í vörslu-
um hans.